

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið
Arnarhvoli
150 Reykjavík

7. október 2008
Tilvísun: 2008100042

AUGLÝSING

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

um skipan skilanefndar fyrir Glitni banka hf.

Þann 6. október sl. voru samþykkt lög á Alþingi, nr. 125/2008, sem breyttu lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki og öðrum lögum. Með lögunum eru Fjármálaeftirlitinu meðal annars fengnar heimildir til að grípa til sérstakra ráðstafana, vegna sérstakra aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Meti Fjármálaeftirlitið það svo að aðstæður séu mjög knýjandi getur það meðal annars tekið yfir vald hluthafafundar, vikið stjórn fjármálfyrirtækis frá störfum og skipað skilanefnd og/eða tekið yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálfyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafað slíku fyrirtæki í heild eða að hluta meðal annars með samruna þess við annað fyrirtæki, sbr. 100. gr. a. laga um fjármálfyrirtæki, eins og þeim var breytt með lögum nr. 125/2008.

Í bréfi sem Fjármálaeftirlitinu barst, 7. október 2008, kemur fram að stjórn Glitnis banka hf. telji ljóst að skilyrði 5. gr. laga nr. 125/2008 séu uppfyllt.

Með hliðsjón af ofangreindu er það mat Fjármálaeftirlitsins að skilyrði 100. gr. a laga um fjármálfyrirtæki séu uppfyllt, í ljósi knýjandi fjárhags- og rekstrarerfiðleika Glitnis banka hf., kerfislegs mikilvægis hans og þeirra keðjuverkandi áhrifa sem mögulegt gjaldþrot hans kynni að hafa á íslenska hagkerfið, enda telur Fjármálaeftirlitið önnur úrræði þess ekki líkleg til að bera árangur.

ÞAÐ ER ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS að taka yfir vald hluthafafundar Glitnis banka hf. og víkja félagsstjórn í heild sinni frá störfum þegar í stað. Fjármálaeftirlitið skipar jafnframt hér með skilanefnd sem tekur við öllum heimildum stjórnar félagsins samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995, í samræmi við 100. gr. a laga um fjármálfyrirtæki. Skilanefnd skal fara með öll málefni Glitnis banka hf., þar á meðal að hafa umsjón með allri meðferð eigna bankans, svo og að annast annan rekstur hans. Skilanefnd skal fylgja ákvörðunum sem Fjármálaeftirlitið tekur á grundvelli 100. gr. a. laga um fjármálfyrirtæki og

starfa í samráði við Fjármálaeftirlitið.

Með hliðsjón af framangreindu skal eftirfarandi tekið fram:

1. Skilanefnd skal vinna að því að tryggja áframhaldandi viðskiptabankastarfsemi Glitnis banka hf. hér á landi,
2. Innköllun til lánardrottna Glitnis banka hf. skal eigi gefin út vegna ákvörðunar þessarar.
3. Ákvæði 64. og 65. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eiga ekki við meðan skilanefnd fer með málefni fjármálaþyrirtækisins. Á sama tíma verður ekki komið fram gagnvart fjármálaþyrirtækinu aðfarargerð á grundvelli laga um aðförl eða kyrrsetningu á grundvelli laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl.
4. Ríkissjóður ber ábyrgð á kostnaði af framkvæmd aðgerða Fjármálaeftirlitsins vegna ákvörðunar þessarar, þar með talið skiptakostnaði ef til slíks kostnaðar stofnast.

Í skilanefnd hafa verið skipaðir:

- Árni Tómasson, formaður, lögg. endurskoðandi, kt. 251055-7269
- Heimir Haraldsson, lögg. endurskoðandi, kt. 220455-5999
- Steinunn Guðbjartsdóttir, hrl., kt. 220864-3249
- Sverrir Örn Þorvaldsson, framkvæmdastjóri áhættustýringar, kt. 231069-4539
- Ágúst Hrafnkelsson, innri endurskoðandi, kt. 290467-4119


Ákvörðun þessi var tekin af stjórn Fjármálaeftirlitsins og öðlast hún þegar gildi. Engin vanefndaúrræði viðsemjenda skulu taka gildi sem afleiðing af ákvörðun þessari.

Virðingarfullst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Jón Sigurðsson
Formaður stjórnar



Jónas Fr. Jónsson
Forstjóri